

# Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

## Ársreikningur 2023

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

kt. 691097-2859

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

## Rekstur

Á árinu 2023 nam hagnaður af rekstri sjóðsins 126,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok árs nam 4.750 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárfestingum á árinu. Á árinu 2023 voru að jafnaði fjögur stöðugildi hjá sjóðnum.

Rekstur sjóðsins var með besta móti og ber þar hæst sala á eignarhlut sjóðsins í Pay Analytics. Sem fyrr þarf eignasala að standa bæði undir rekstri sjóðsins og fjárfestingum ársins.

Á árinu var ráðist í nýtt fjárfestingaráttak sem beindist að frumfjárfestingu og var eitt skilyrðanna að koma þyrfti til fjárfesting fyrir að lágmarki sömu upphæð frá öðrum fjárfestingum. Viðtökur voru góðar og eftirspurn mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir, en alls sóttu 73 fyrirtæki um fjármögnun. Eftir ítarlegt skoðunarferli varð úr að NSA fjárfesti í tíu fyrirtækjum og var gengið frá fjárfestingum í fimm þeirra á árinu. Verkefnið er í samræmi við stefnu sjóðsins og sýnir hvar markaðsbrests gætir við fjármögnun sprotafélaga. Sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 17.

Ráðist var í uppkaup á hlutafé frá öðrum hluthöfum í Frumtaki slhf. en NSA hefur verið stærsti hluthafi sjóðsins frá upphafi. Sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 14.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag sjóðsins 31. desember 2023 og breytingu á eigin fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. mars 2024

**Stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eiganda í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 18. mars 2024

**Advant endurskoðun ehf.**

Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Afkoma af eignarhlutum í félögum .....		314.033 (	164.100)
Afkoma af samlagssjóðum .....		21.094	1.874
Niðurfærsla eignahlutatengdra lána .....	(	26.778)	( 7.937)
Niðurfærsla mótframlagslána .....	(	102.000)	( 30.000)
Vaxtatekjur .....	10	32.522	71.147
Gengismunur markaðsverðbréfa .....		9.539	( 85.496)
<b>Samtals</b>		<u>248.410</u>	<u>( 214.512)</u>
<b>Rekstrartekjur og rekstrargjöld</b>			
Aðrar rekstrartekjur .....		56.025	60.375
Laun og launatengd gjöld .....	11	( 101.776)	( 107.337)
Annar rekstrarkostnaður .....	(	73.002)	( 57.909)
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni .....	(	3.163)	( 2.397)
<b>Samtals</b>		<u>( 121.916)</u>	<u>( 107.268)</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>		<u>126.494</u>	<u>( 321.780)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Eignarhlutir í félögum .....	12	2.963.740	2.420.275
Samlagssjóðir og samlagshlutafélög .....	14	864.600	364.600
Almenn útlán .....	15	173.650	185.005
Mótframlagslán .....	16	312.971	490.085
Aðrar fjáreignir .....	17	71.271	0
Aðrar skammtímakröfur .....		12.872	13.117
Markaðsverðbréf, fjárvarsla .....	19	228.822	781.649
Handbært fé .....		156.880	400.908
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.784.806</u>	<u>4.655.639</u>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		5.521.767	5.521.767
Annað eigið fé .....		( 771.529)	( 898.023)
<b>Eigið fé samtals</b>	20	<u>4.750.238</u>	<u>4.623.744</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....		34.568	31.895
<b>Skuldir samtals</b>		<u>34.568</u>	<u>31.895</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>4.784.806</u>	<u>4.655.639</u>





# Skýringar

---

## 1. Félagið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskyldu að markaðsverðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru í stöðugri enduskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 5. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 6. Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti.

## 7. Fjáreignir

Eignarhlutir í félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem ætlunin er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði. Ef gangvirði fjáreigna er lægra en kostnaðarverð er færð gangvirðislækkun á eignina þannig að bókfært verð sé ekki hærra en gangvirði.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## Skýringar, frh.:

---

### 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum og eign í lausafjársljóðum. Lausafjársljóðir eru auðseljanleg markaðsverðbréf með skamman líftíma og stöðugu gengi.

### 9. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 10. Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum

Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum greinist þannig:

	2023	2022
Vaxtatekjur af útlánnum .....	26.949	60.601
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	3.396	2.383
Tekjur af vörslusjóðum .....	2.177	8.163
Samtals .....	<u>32.522</u>	<u>71.147</u>

### 11. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun .....	78.993	82.859
Lífeyrissjóður .....	14.152	15.830
Önnur launatengd gjöld .....	8.631	8.648
	<u>101.776</u>	<u>107.337</u>

Stöðugildi að meðaltali yfir árið .....

4

4

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra eru sem hér segir:

	2023	2022
Laun framkvæmdastjóra * .....	17.184	18.901
Laun stjórnar .....	6.120	6.545
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra samtals .....	<u>23.304</u>	<u>25.446</u>

\* Lækkun launa framkvæmdastjóra skýrist af því að á árinu 2022 voru tveir framkvæmdastjórar á launum hluta af árinu vegna ráðningu nýs framkvæmdastjóra.

## Skýringar, frh.:

### 12. Eignarhlutir í félögum

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2023	2022
Eignarhlutir í upphafi árs .....	2.420.275	2.258.163
Fjárfest í nýjum eignarhlutum .....	616.529	326.712
Bókfært verð seldra eignarhluta .....	( 117.793)	0
Niðurfærsla eignarhluta .....	44.729	( 164.600)
Eignarhlutir í lok árs .....	<u>2.963.740</u>	<u>2.420.275</u>

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70. gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

### 13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig í lok árs 2023:

Félag	Eignar- hluti	Félag	Eignar- hluti
3Z ehf. ....	20,4%	Kaptio ehf. ....	17,4%
Akthelia ehf. ....	12,7%	Kara Connect ehf. ....	10,8%
Ankeri Solutions ehf. ....	17,2%	Klappir grænar lausnir hf. ....	2,6%
Atmonia ehf. ....	2,6%	Lauf Forks hf. ....	15,3%
Beqom SA (Pay Analytics ehf.) * .....	0,6%	Mint Solutions Holding BV (Medeye) .....	10,6%
Cooori Holdings Ltd. ....	11,3%	Mýsköpun ehf. ....	13,3%
Dohop ehf. ....	4,2%	Parity ehf. ....	5,6%
Evolytes ehf. ....	19,5%	Risk ehf. (Retina Risk) .....	5,0%
Florealis ehf. ....	6,6%	Sweeply ehf. ....	10,1%
Flow ehf. ....	4,9%	Tulipop ehf. ....	1,9%
Genis ehf. ....	5,8%	Tyme Wear inc. ....	11,1%
Hefring ehf. ....	24,2%		
Horseday ehf. ....	10,3%		

\*Sjóðurinn seldi á árinu eignarhlut sinn í Pay Analytics ehf. Kaupverð var að hluta til greitt með reiðufé og að hluta með hlutabréfum í yfirtökufélagi, Beqom SA.

## Skýringar, frh.:

### 14. Samlagssjóðir og samlagshlutafélög

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2023	2022
Samlagssjóðir í upphafi árs .....	364.600	423.860
Fjárfesting í samlagssjóðum .....	500.000	0
Útborganir samlagssjóða .....	( 21.094)	( 61.134)
Breyting á niðurfærslu .....	21.094	1.874
Samlagssjóðir í lok árs .....	<u>864.600</u>	<u>364.600</u>
	<b>Hlutdeild</b>	<b>Bókfært verð</b>
Frumtak slhf.* .....	100,0%	
Brú II .....	4,3%	
Kostnaðarverð í árslok .....		<u>864.600</u>

\*Við stofnun Frumtaks slhf. árið 2008 gekk sjóðurinn í ábyrgð gagnvart öðrum hluthöfum þannig að aðrir hluthafar eiga rétt á að fá hlutafé sitt að fullu greitt áður sjóðurinn fær sinn hluta. Eftirstæð ábyrgð vegna þessa var í upphafi árs að hámarki 622 millj. kr.

Fyrir hefur legið vilji til annarra hluthafa til að slíta Frumtaki slhf. enda var fyrirhugaður líftími sjóðsins liðinn. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins taldi það óheppilegt að slíta Frumtaki slhf. þar sem ekki hefur tekist að ganga frá sölu á Meniga Ltd. Því var gengið til viðræðna við aðra hluthafa um uppgjör á umræddri ábyrgð í skiptum fyrir hlutabréf í Frumtaki slhf. Alls voru greiddar út 500 millj. kr. til að kaupa út aðra hluthafa og ákvæði eru í kaupsamningum um mögulegar árangurstengdar greiðslur við sölu á Meniga Ltd.

Á sama tíma var einnig gengið frá kaupum á F1 GP ehf. (áður Frumtak GP ehf.) sem hefur séð um rekstur Frumtaks slhf. Sjóðurinn á nú allt hlutafé Frumtaks ehf., en þar af er 1,6% eignarhlutur í gegnum F1 GP ehf. Stefnt er að sölu hlutar Frumtaks slhf. í Meniga á næstu þremur árum og verður Frumtaki slhf. slitið í kjölfarið.

### 15. Útlán

Útlán greinast þannig:

	2023	2022
Útlán í upphafi árs .....	185.005	231.119
Ný útlán .....	128.461	42.114
Afborganir útlána .....	0	( 26.912)
Útlánum breytt í hlutafé .....	( 100.370)	( 70.815)
Áfallnir vextir .....	( 12.668)	17.436
Niðurfærsla og endanleg afskrift útlána, breyting .....	( 26.778)	( 7.937)
Útlán í lok árs .....	<u>173.650</u>	<u>185.005</u>

Útlán sem ætlað er að eiga fram á gjaldaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### 16. Mótframlagslán

Mótframlagslán er lánaflokkur sem varð til í mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna COVID 19 faraldursins. Nýsköpunarsjóður lánaði 755 millj. kr. til 24 fyrirtækja fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins en forsenda lánanna var m.a. sú að félögin öfluðu mótframlags frá öðrum hluthöfum fyrir sömu fjárhæð og lánuð var. Lánin fóru ekki gegnum hefðbundið lánveitingaferli heldur voru skilyrði lánveitinga ákvörðuð með lagasetningu.

Frá upphafi hefur verið ljóst að um áhættusama lánveitingu var að ræða. Þrjú fyrirtæki hafa þegar endurgreitt lán fyrir samtals fjárhæð 100,9 m.kr. Ellefu félög hafa umbreytt láni í hlutafé. Eftir standa lán til tíu fyrirtækja. Gjaldfært var á árinu varúðarniðurfærsla að fjárhæð 102 millj. kr. vegna eftirstæðra lána en áður hafði verið gjaldfært 30 millj. kr. varúðarniðurfærsla. Þá var í ár afskrifaður eignarhlutur að fjárhæð 15,8 millj. kr. sem sjóðurinn eignaðist með skuldbreytingu mótframlagsláns.

### 17. Aðrar fjáreignir

Aðrar fjáreignir er nýr flokkur fjárfestinga hjá sjóðnum (SAFE samningar) og tengist átaki í fjárfestingum í sprotafyrirtækjum sem eru komin stutt á veg í sinni þróun. Á árinu var fjárfest í fimm verkefnum í tengslum við átakið fyrir 90 millj. kr. en þar af voru fjórar fjárfestingar gerðar með svokölluðum SAFE samningum. Þá hefur verið ákveðið að fjárfesta í fimm öðrum fyrirtækjum fyrir allt að 100 millj. kr. uppfylli félögin skilmála sjóðsins.

Forsenda fyrir fjárfestingu er að félagið fái sambærilega fjárfestingu frá öðrum fjárfestum. Fjárfestingin kemur aldrei til endurgreiðslu heldur verður henni seinna meir breytt í hlutafé í viðkomandi félögum. Skiptagengið er ákvarðað út frá gengi í nýrri fjármögnun viðkomandi félaga að frádregnum 20% afslætti. Þá eru ákvæði í samningum um hámarksvirði félaga í slíkri fjármögnun. Nánari umfjöllun um samningana er á heimasíðu sjóðsins, [www.nyskopun.is](http://www.nyskopun.is)

### 18. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna

Breytingar á árinu greinist þannig:

	2023	2022
Afskriftareikningur í upphafi árs .....	1.228.868	1.115.910
Framlag í afskriftareikning .....	84.050	194.100
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni .....	( 95.663)	( 81.142)
Afskriftareikningur í lok árs .....	<u>1.217.255</u>	<u>1.228.868</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingaverkefna greinist þannig:

Afskriftareikningur eignarhluta .....	913.399	1.053.790
Afskriftareikningur útlána .....	158.778	30.000
Afskriftareikningur samlagssjóða og samlagshlutafélaga .....	145.078	145.078
Afskriftareikningur í lok árs .....	<u>1.217.255</u>	<u>1.228.868</u>

Fjáreignir eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingum í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum. Lagt er í afskriftareikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði.

### 19. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Markaðsverðbréf, fjárvarsla greinist þannig:

Fjárvarsla í erlendri mynt .....	23.666	113.257
Fjárvarsla í íslenskum krónum .....	205.156	668.392
Markaðsverðbréf, fjárvarsla samtals .....	<u>228.822</u>	<u>781.649</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 20. Eigið fé

Innborgað stofnfé sjóðsins er samtals 5.522 millj. kr. Samkv. 7. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé sjóðsins skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neyðsluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé sjóðsins nam 4.750 millj. kr. í lok árs 2023 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 6.855 millj. kr.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Stofnfé</b>	<b>Ójafnað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1.1.2023 .....	5.521.767	( 898.023)	4.623.744
Hagnaður ársins .....		126.494	126.494
Eigið fé 31.12.2023 .....	<u>5.521.767</u>	<u>( 771.529)</u>	<u>4.750.238</u>

### 21. Tengdir aðilar

Eigandi, stjórnarmenn, stjórnendur og félög og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Ekki eru sérstaklega tilgreind viðskipti við íslenska ríkið eða félög og stofnanir í þess eigu.

### 23. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi hinn 18. mars 2024.